



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 29.10.2013 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Sigurður Bjarnason (SB), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS) og Victor Ingi Olsen (VIO). Viðar Erlingsson (VE) og Ragnheiður Traustadóttir (RT) boðuðu forföll. Auk þess sat Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Fundargerð

- 1) Fundargerð síðasta fundar – lá ekki fyrir, VIO sendir
- 2) Skýrsla framkvæmdastjóra
  - a) Samningur ÍSÍ og Flugfélags Íslands
    - i) Samningurinn lagður fram, snýst um ÍSÍ afsláttarfargjöld fyrir íþróttahreyfinguna.
  - b) Bréf ÍSÍ varðandi samþykkt Íþróttapings 2013
    - i) Fjallar um að íþróttahreyfingin hafi ekki í sinni þjónustu einstaklinga sem hlotið hafa refsidóma vegna brota á 19gr almennra hegningarlaga. Málinu vísað til afgreiðslu framkvæmdastjóra.
  - c) Gæsla í búningsklefum íþróttamannvirkja
    - i) Framkvæmdastjóri fór yfir samskipti við íþróttafulltrúa Garðabæjar varðandi gæslu í búningsklefum í íþróttamannvirkjum bæjarins og möguleg ábyrgð félagsins í því sambandi.
    - ii) Aðalstjórn hefur talið að samstarfssamningur félagsins við Garðabæ feli í sér samskonar afnot af íþróttamannvirkjum og skólar sveitarfélagsins njóta. Aðalstjórn telur félaginu ómögulegt að bera ábyrgð á gæslu í búningsklefum í íþróttamannvirkjum bæjarins þar sem félagið er ekki rekstraraðili mannvirkjanna. Núverandi samningar við þjálfara félagsins gera ekki ráð fyrir að þeir sinni eftirliti í búningsklefum enda kunna þeir að vera með æfingar í beinu framhaldi hvernar annarrar. Auk þess leiðir sú skylda þjálfara að sinna eftirliti í búningsklefum til þess að þjálfari þarf að vera af sama kyni og iðkendur í stað þess að unnt sé að ráða hæfasta þjálfara fyrir flokkinn burtséð frá kyni. Virkjun félagsins á sjálfboðaliðum til að bera ábyrgð á gæslu í íþróttaklefum kallar á verulegt utanumhald til að uppfylla ábyrgðarskyldur og verður að teljast nánast óframkvæmanlegt nema með fjölgun launaðra stöðugilda. Málinu vísað til formanns og framkvæmdastjóra til frekari úrvinnslu og viðræðna við bæjaryfirvöld.
  - d) Fundur með knattspyrnudeild
    - i) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundinum.
    - ii) Aðalstjórn staðfestir niðurstöðu fundarins og telur að knattspyrnudeild hefði átt að upplýsa aðalstjórn og/eða framkvæmdastjóra um það mál sem um ræðir strax og það kom upp.
    - iii) Varaformaður og ritari aðalstjórnar munu hafa forgöngu um gerð viðbragðsáætlunar vegna mála af þeim toga sem um ræðir og upp kunna að koma.



3) Starfsmannamál – staðan í ráðningarmálum

- i) Formaður upplýsti um að 49 umsóknir hafa borist um starf framkvæmdastjóra Stjörnunnar. Gert er ráð fyrir að ráðningarferlinu ljúki í nóvember.
- ii) Þorsteinn Þorbergsson upplýsti um að hann væri meðal umsækjenda og muni því ekki sitja fundi aðalstjórnar þegar fundarefnið tengist ráðningarferlinu.

4) Æfingagjöld – yfirlit og samanburður milli ára

- i) Yfirlitið lagt fram. Framkvæmdastjóri upplýsti um að íþróttafulltrúi bæjarins vinnur að samanburði milli félaga í bænum. Aðalstjórn telur mikilvægt að samanburðurinn innifeli samanburð alls íþrótt- og tómstundastarfs sem bæjaryfirvöld styðja með fjárframlagi, þ.m.t. heildarframlag bæjarins skipt niður á stund á iðkanda í tónlistarskóla. Framkvæmdastjóra falið að koma þeim sjónarmiðum á framfæri við bæjaryfirvöld.

5) Rekstraráætlanir

a) Rekstraráætlun aðalstjórnar og vallarsjóðs

- i) Gjaldkeri kynnti drög að rekstraráætlun aðalstjórnar og vallarsjóðs. Aðalstjórn samþykkir drögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til frekari úrvinnslu framkvæmdastjóra, gjaldkera og formanns.
- ii) Framkvæmdastjóra falið að stilla upp drögum að erindi til Garðabæjar um hækkun á rekstrarstyrk félagsins til að mæta kostnaði við fyrirhugaðar breytingar á mannahaldi á skrifstofu félagsins og framkvæmdir í Stjörnuheimilinu.

b) Rekstraráætlanir deilda - frestað til næsta fundar

c) Afrekssjóður Stjörnunnar - frestað til næsta fundar

d) Ákveðið var að boða til aukafundar um áætlanir félagsins eftir tvær vikur.

6) Önnur mál

- a) Mannvirkjanefnd gerði grein fyrir stöðu hugmyndavinnu varðandi nýtingarmöguleika Stjörnuheimilis og vallarhúss. Formaður mannvirkjanefndar mun senda framkvæmdastjóra upplýsingar vegna erindis til Garðabæjar.
- b) Ritari tilkynnti að skoðun á heimasíðumálum félagsins verði frestað þar til nýr framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn.
- c) Ritari ræddi samninga fimleikadeildar við meistarahóp félagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:27 Ritað PGr